

Eyjafjarðarsveit

Berist til sveitarstjórnar

## Efni: Óskir ungmenna í umferðaröryggismálum

Við, undirrituð, óskum eftir að sveitarstjórn taki til formlegrar afgreiðslu óskir okkar til bættis umferðaröryggis í okkar sveitarfélagi.

Erindi þetta er hluti af vinnu okkar á Ungmennapingi SSNE 2024 og eru unnið í samvinnu við starfsfólk sveitarfélaga sem voru á ungmennapínginu og starfsfólk SSNE.

Tilgangurinn er að vekja íbúa og sveitarstjórnafólk til umhugsunar um mikilvægi þess að hafa hagsmuni ungmenna að leiðarljósi þegar ákvarðanir eru teknar. Erindið er liður í að valdefla ungt fólk og er gert til að hvetja sveitarstjórn áfram á þeirra vegferð að byggja upp umhverfið með hugmyndum og þörfum ungs fólks í huga.

**Við óskum þess að þið takið erindi okkar alvarlega varðandi öruggar samgöngur í sveitarfélaginu og tillögur okkar til að bæta umferðaröryggi ungmenna.**

**Við óskum eftir:**

- Ljósastaurum á bílastæðið hjá Hrafnagilslaug (tjaldsvæðis megin).
- Öruggri gönguleið hjá nýja veginum.
- Að vegur verði lagður inn og út af Hrafnagili (sunnan megin).
- Að bílastæðið hjá Hrafnagilslaug verði malbikað (tjaldsvæðis megin).
- Göngu- og hjólaleið samsíða brúnni.
- Strætó sem fer Eyjafjarðarhringinn til Akureyrar og verði með lágmark tvær ferðir á dag þar sem hann kemur til Akureyrar kl 08:00 og fer til baka kl 18:00.
- Göngu- og hjólastíg frá Hrafnagili að Grundarkirkju og Holtaseli.
- Gangbraut yfir bílastæðið sem tengir saman tjaldsvæðið og Hrafnagilslaug.

Móttöku þessa bréfs má staðfesta á eftirfarandi netfang [sunna@esveit.is](mailto:sunna@esveit.is) og við óskum þess að þegar þar að kemur þá verður formleg afgreiðsla á erindinu einnig send á sama netfang.

Virðingarfyllst.

*Anton Berg Almarsson*

*Emelía Lind Brynjarsdóttir*

*Haukur Skúli Óttarsson*

*Kristín Harpa Friðriksdóttir*

Kort af Hrafnagili

